



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík 21. janúar 2019
MÍ201901-0096/ 6.09 / K.M.

Efni: Meiri-Tunga 7. Deiliskipulag.

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið tölvupóst skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra frá 14. des. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að deiliskipulagi lóðarinnar Meiri-Tungu 7.

Deiliskipulagið tekur til nýrrar lóðar sem stofnuð er úr landi Meiri-Tungu 2. Skipulagssvæðið er um 1,25 ha að stærð og á því er fyrirhugað að byggja íbúðarhús, bílskúr og gestahús.

Árið 2014 kom út skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses, *Aðalskráning fornleifa í Rangárþingi ytra. Áfangaskýrsla III*. Í skýrslunni er m.a. gerð grein fyrir skráningu fornleifa á jörðinni Meiri-Tungu. Engar fornleifar voru skráðar á lóðinni Meiri-Tungu 7. Undirritaður starfsmaður Minjastofnunar Íslands hefur skoðað deiliskipulagssvæðið á vettvangi. Engar vísbendingar um fornleifar fundust innan svæðisins.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við tillögu að deiliskipulagi lóðarinnar Meiri-Tungu 7 í Rangárþingi ytra eins og hún var kynnt stofnuninni með uppdrætti og greinargerð dags. 27.11.2018. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands

Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Afrit sent: Skipulagsstofnun

Afrit sent í tölvupósti:

Skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings ytra (birgir@ry.is)

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.